

# EYSTRAHORN

35.tbl. 41. árgangur

19.október 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Sauðshamartindur  
Mynd: Elsa Hauksdóttir

# IMPROV ÍSLAND Á HÖFN



Þjóðleikhúskjallaranum öll miðvikudagskvöld og hefur gert nær stleitulast frá stofnun hópsins.

Gestakennarinn, Sindri, kom hingað á vegum Leikfélags Hornafjarðar sem fékk styrk frá Barnameningarsjóði fyrir verkefninu Leikfélagið, Grunnskólinn og Framhaldsskólinn tóku svo höndum saman og unnu að þessu verkefni.

Gestakennarinn kenndi börnum frá 7. bekk og upp í 10. bekk í Grunnskólanum og hélt síðan vinnusmiðju í FAS fyrir sviðslistanemendur og aðra nemendur á Listasviði FAS. Námskeiðin í skólunum gengu vonum framár og höfðu nemendurnir gaman af því að stunda spuna sem leiklistaraðferð.

Leikfélag Hornafjarðar bauð einnig upp á spunanámskeið fyrir þá sem

höfðu áhuga á að kynna sér spuna sem leiklistartækni og taka þátt í leikfélaginu utan hefðbundins sýningartíma. Þátttakendur námskeiðsins tóku svo þátt í sýningu sem Improv Ísland hópurinn hélt á Hafinu 22. september. En þar komu fram gestakennarinn Sindri ásamt fjóru öðru spunalistafólki og fengu hornfiskir þátttakendur að stíga á svið með reyndara fólki. Sýningin var sprenglægileg og stóðst allar væntingar hjá áhorfendum sem mættu galvaskir til að hlæja og hafa gaman.

Við þökkum kærlega fyrir samstarfið, styrkinn frá Barnameningarsjóði og viðtökum samfélagsins fyrir verkefninu.

*Emil Morávek, formaður Leikfélags Hornafjarðar.*

*Ragnheiður Sigurðar Bjarnarson, sviðslistakennari við FAS.*

*Kristín Gestsdóttir, skólustjóri Grunnskóla Hornafjarðar.*

Víkuna 18. september – 22. september kom hingað á Höfn gestakennari frá Improv Ísland hópnunum til að kenna börnum spunatækni sem er ákveðin leiklistaraðferð.

Improv Ísland er spunaleikhópur sem var stofnaður árið 2015 sem vinnur út frá spunaðferðinni Haraldinum, sem kemur frá New York. Improv Ísland sýnir spunasýningar í



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@eystrahorn.is  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## KVENNAVERK FALL Á HÖFN

Jafnrétti er barátta sem seint ætlar að taka enda, árið 1975 lögðu um 90% allra kvenna á Íslandi niður störf til þess að sýna fram á mikilvægi kvenna á vinnumarkaðnum og krefjast jafnréttis í réttinda- og kjaramálum. Síðan hafa konur lagt niður störf og mótmælt árin 1985, 2005, 2010, 2016, 2018 og nú í sjöunda sinn verður gengið til mótmæla og konur og kvár hvött til þess að leggja niður störf 24. október næstkomandi. Hornfirðingar ætla ekki að láta sitt eftir liggja og tóku konur í bæjarstjórn Hornafjarðar málin í sínar hendur, þær Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Hjördis Edda Olgeirsdóttir, Eyrún Friða Árnadóttir, Gunnhildur Imsland og

Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir. Upp kom sú umræða hvort einhver væri að skipuleggja mótmæli hér, sem reyndist ekki vera, svo þær ákváðu að hrinda þessu í framkvæmd, enda snertir þetta þær eins og aðrar konur. Þær segja mikilvægt að rifja upp hvers vegna þessi dagur er og kynna söguna á bakvið kvennaverkfallið fyrir þau sem þekkja hana lítið eða ekki. „Við viljum halda því á lofti sem konur hafa áorkað fyrir okkar hönd og ekki síst halda áfram baráttunni, hún er ekki búin“.

Viðburðurinn mun fara fram á ráðhústorginu, þar sem konur munu ganga í samstöðugöngu yfir á veitingastaðinn Heppu, þar sem boðið verður upp á súpu og dagskrá

sem enn er í vinnslu og jafnvel verði sýnt frá fundinum á Austurvelli. Þær hvetja alla til þess að sýna samstöðu og taka þátt í deginum, og biðja atvinnurekendur um að skipuleggja daginn þannig að konur og kvár hafi tæk á að mæta. Einnig minna þær konur sem einhverra hluta vegna geti ekki tekið þátt, eins og t.d. konur í ummönnunarstörfum, að merkja sig á samfélagsmiðla með myllumerkinu #ómissandi.

Að lokum vilja þær hvetja alla áhugasama sem vilja vera með erindi eða atriði að hafa samband við undirbúningsnefnd

Áfram stelpur, þetta varðar okkur öll!

### Kvennaverkfall á Höfn



Skannaðu QR kóðann fyrir frekari upplýsingar

### BARÁTTUFUNDUR Á Kvennafrídaginn

Þriðjudaginn 24. október  
Klukkan 11:30

Baráttuganga frá torginu fyrir aftan Ráðhúsið að Heppu.

Þau sem vilja hafa áhrif á dagskrá hafa samband við Stefaniú (8650501) fyrir 22. október.

# Starfastefnumót 2023

Miðvikudaginn 25. október

kl.11:00-17:00

í Nýheimum

Íbúar Hornafjarðar – við bjóðum ykkur á stefnumót

Starfastefnumót er frábært tækifæri til að kynnst fjölbreyttri starfsemi hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu okkar. Komdu að skoða, fíkta, spyrja og spjalla við fulltrúa þeirra.

Fjölmönnum og höfum gaman saman!



Fylgist með á facebook:  
Starfastefnumót á Höfn í Hornafirði



Grill í boði kl.12-13



Spurningaleikur



Erindi frá ungum frumkvöðli,  
Nökkva Dan, kl.16:30-17:00

# ÞJÓÐVEGUR Í ÞÉTTBÝLI, ER ÞÖRF Á HONUM?

Endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar stendur nú yfir og er áætlað að henni ljúki árið 2025. Á íbúafundi 12.10 síðast liðinn var áætlun um verkefnið kynnt og í framhaldinu óskað eftir hugmyndum frá fundargestum um æskilegar áherslur í endurskoðuðu skipulagi. Fundurinn var líflegur og margar athygliverðar hugmyndir komu fram sem munu eflaust gagnast því fagfólki sem vinnur að endurskoðun skipulagisins.

Á fundinum varpaði ég fram m.a. tillögu um að falla frá áformum um breytingu á innakstri í bæinn með lagningu svonefnds þjóðvegur í þéttbýli. Rök mín fyrir þessari tillögu eru í fyrsta lagi þau, að mjög lítill hluti þeirrar fraktar sem kemur af hafi á Höfn er í framhaldinu flutt á landi og það sama á við um frakt sem er skipað út á Höfn hún er í hverfandi mæli flutt landleiðna til Hafnar. Af þessari ástæðu er ekki þörf á sérstökum vegi. Í öðru lagi mundi þessi vegur kljúfa nýja íbúabyggð frá núverandi byggð ásamt því að rýra verulega gæði

þeirrar náttúru sem áætlað er að hann liggi um. Og í þriðja lagi mun hann kosta verulega fjárhæð sem betur er komin í önnur þarfari verkefni. Gert er ráð fyrir að vegurinn tengist Hafnarbrautinni innan við Vesturbraut og liggi til austurs, austan Sílavíkur eða vestan og síðan yfir leirurnar og Lyngey og endi við höfnina í Álaugarey. Lengd þessa nýja vegar yrði 1,5 – 2 km. Í dag eru tvö félag sem stunda landflutninga til og frá Höfn og bækistöðvar þeirra hér eru ekki sérbyggðar til flutningstarfsemi. Tímabært er að nútímavæða bækistöðvarnar t.d. með því að reisa vöruhótel þar sem flutningafyrirtækin gætu keypt sér þjónustu ásamt öðrum fyrirtækjum sem hugsanlega vildu koma inn á flutningamarkaðinn hér í framtíðinni. Vöruhótel mundi bæta þjónustu og auka hagkvæmni þeirra fyrirtækja sem nýttu sér þjónustu þess t.d. verslanna, hótela og veitingahúsa. Megin markmið með lagningu umrædds vegar er að á veginn færast þungaflutningar af götum sem liggja í íbúðabyggð og af öðrum götum þar

sem fólk fer um gangandi eða hjólandi. Í ljósi þess sem hefur verið rakið hér að framan sýnist mér augljóst að við endurskoðun á aðalskipulaginu eigi að gera ráð fyrir nýju athafnasvæði austan Hafnarbrautar sunnan vegarins að hesthúsabyggðinni út á Ægissíðu og færa þangað starfsemi flutningafyrirtækjanna o.fl. líka starfsemi. Þarna er gott rými fyrir atvinnustarfsemi sem þarfnast stórrar lóðar svo sem vöruhótel og byggingarvöruverslunar svo eitthvað sé nefnt. Verði þetta að veruleika verða þungaflutningar gegnum bæinn hverfandi og þar með er umræddur þjóðvegur í þéttbýli óþarfur.

Ég vonast til að skipulagsyfirvöld séu mér sammála og bregðist hratt við og úthluti ekki lóð fyrir flutningastarfsemi án þess að heildarmynd væntanlegs endurskoðaðs skipulags sé höfð að leiðarljósi.

*Höfn í okt. 2023  
Ari Jónsson*



**Lumar þú á grein eða áhugaverðu efni í Eystrahorn ?**

*Við hvetjum þig til að senda okkur línu á [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT SUÐURLANDS Á HÖFN

Sunnudaginn 24. september hélt Sinfóníuhljómsveit Suðurlands sína fyrstu óperutónleika á Höfn. Boðið var uppá mikla óperuveislu þar sem hljómsveitin flutti þekktu óperuforleiki milli þess sem tenórsöngvarinn Alexander Jarl Þorsteinsson og sópransöngkonan Monica Lusco fluttu þekktar óperuaríur og dúetta eftir Verdi, Puccini og Donizetti.

Kvennakór Hornafjarðar naut þeirrar ánægju að fá að taka þátt í þessari veislu og gerði það með glæsibrag, eins og annað sem kórinn tekur sér fyrir hendur.

Hljómsveit, einsöngvurum, kór, kórstjóra og hljómsveitarstjóra var fagnað innilega með standandi lófataki. Leikurinn var svo endurtekinn laugardaginn 30. september í Selfosskirkju en þá bættust konur úr Kvennakór Vestmannaeyja og Kammerkór Norðurlands í hópinn. Voru fagnaðarlætin síst minni að þeim tónleikum loknum.



## ORÐALEIT

KONA  
KVENNAVERKFALL  
FRJÁLSHYGGJA  
JAFNRÉTTI  
ATVINNULÍF  
ÞJÓÐVEGUR  
VETRARDEKK  
FLUMBRUGIL  
TÍMABIL  
VÍRBURSTI  
BARÁTTA  
SAMSTAÐA

## VILTU ÞÚ TAKA VIÐ EYSTRAHORNI?

Eftirlærdómsríkt og mjög skemmtilegt ár sem ritstjóri Eystrahorns hef ég ákveðið að snúa mér að öðrum verkefnum. Þakklæti er mér efst í huga eftir árið, það var dýrmætt að finna fyrir stuðningi samfélagsins og góðum móttökum hvert sem tilefnið hefur verið.

Ég vil því nota tækifærið og þakka öllum sem hafa komið að blaðinu með einum eða öðrum hætti. Allir sem hafa auglýst, án ykkar væri ekkert Eystrahorn. Takk styrktarvinir fyrir ykkar framlag, allir sem hafa sent inn greinar, forsiðumyndir og uppskriftir. Þakkir til allra sem voru til í að taka þátt í spurningu vikunnar og til þeirra

sem buðu mér inn á heimili sín til þess að segja sögu sína í viðtali og síðast en ekki síst kærar þakkir til Guðlaugar Hestnes sem les blaðið í hverri viku og sér til þess að þið lesið efni á góðu og réttu máli.

Ég vissi það fyrir en skildi það enn betur eftir að hafa tekið við hversu mikilvægt það er að miðli eins og Eystrhorni sé haldið úti, bæði er þetta mikilvægur vettvangur fyrir upplýsingar sem þurfa að komast til skila en einnig þjónar Eystrahorn mikilvægum menningarlegum tilgangi.

Þetta er vettvangur fyrir allskonar mikilvægt og minna mikilvægt en

alltaf merkilegt. Vettvangur til þess að fá innsýn í flóru samfélagsins, vettvangur þar sem allir geta viðrað sína skoðun og vettvangur þar sem við getum lesið um, samgledst og verið stolt af því sem gott er gert.

Eystrahorn óskar hér með eftir nýjum umsjónaraðilum til þess að taka við keflinu frá og með áramótum og halda áfram með þennan mikilvæga miðil sem Eystrahorn er.

Áhugasamir hafið samband við [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is).

Með virðingu og vinsemd  
Arndís Lára Kolbrúnardóttir



## ÞORVALDUR ÞUSAR

Einkaleyfi ríkisins til sölu áfengis hefur verið við líði svo lengi sem elstu karlar og kerlingar muna. Í byrjun voru sölustaðir fáir og dreifðir um landið. Þetta var sá tími sem kröfurnar bárust um landið. Þetta fyrirkomulag hafði þá kosti að hægt var að halda uppi flugsamgöngum til flestra flugvalla landsins. Enda spratt upp fjöldi lítilla flugfélaga út um allar koppagrundir. Þetta leiddi líka til þess að blómlegur iðnaður var stundaður á öllum betri heimilum landsins. Það var bruggaður landi á flestum

heimilum. Þótti það sjálfsagt og var hluti af tilraun fólks til sjálfbærni.

En svo fór að bera á ákveðinni gagnrýni á þetta ljómandi góða fyrirkomulag. Helst voru það boðberar frjálshyggju sem gagnrýndu. Þeir töldu að einokun ríkisins væri markaðslega hamlandi og því ætti að gefa sölu áfengis frjálssa. En tilraunir til að breyta fyrirkomulaginu hlutu ekki hljómgrunn. Í staðinn komu fram á sjónarsviðið póstverslanir sem seldu áfengi. Í auglýsingum var lögð mikil áhersla á að þessar dýrindisveigar væru ódýrari í póstverslun en í ríkinu. Og fyrir skemmstu kom Costco fram á völlinn og bíður áfengi til sölu á gjafverði.

Allt miðar þetta að auknu aðgengi almennings að áfengi. Rökin eru þau að þá muni þjóðin drekka minna. Framlag ríkisins til forvarna muni dragast verulega saman og aukið svigrúm skapist til að sinna vinum og vandamönnum. Hitt er ljóst að

biðlistinn á Vogu hefur aldrei verið lengri og sérfræðingar segja að í dag deyi fleiri vegna ofneyslu áfengis og þeirra fylgikvilla sem neyslunni fylgir. Flugfélögin fóru á hausinn og heimilisiðnaðurinn lagðist að mestu af. Bent er á að eitt af okkar stórskáldum sem þótti sopinn góður sagði: „Það má brennivínið eiga að það hefur aldrei gert neinum mein að fyrra bragði.“

Hér er allur almenningur hvattur til að skoða fyrirkomulagið á sölu áfengis gagnrýnum augum og komast að þeirri niðurstöðu að frjálshyggjan sé bölvuð þvæla. Kæru lesendur hafið í huga eftirfarandi heilræði.

Vertu kátur, veru hýr  
fordastu grát og trega.  
Veki hlátur dropinn dýr  
en drekkt' an mátulega.

Kveðja Þorvaldur

## ÁFENGI OG FRJÁLSHYGGJA



FJÖLMÍDLANEFND



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR

## Netumferðaskólinn

Börn og netmiðlar  
Foreldrafyrirlestur

Vöruhúsið 23. október  
kl 16:30 - 17:30

Við vitum öll að hið stafræna umhverfi er í stöðugri þróun og netnotkun verður sífellt stærri hluti af lífi barna. Samhliða aukinni netnotkun eykst mikilvægi þess að allir læri á umferðareglur netsins og hvernig eigi að skilja og greina það sem þar fer fram.

Aðgerð stjórnvalda í netöryggi og styrk af Háskóla-íðnaðar og nýsköpunaráðaneytinu



Fyrr um daginn verður fræðsla fyrir nemendur í 4. – 7. bekk og starfsmenn skólans

### FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Samveran föstudaginn **20. október** verður heimsókn í **FAB LAB í Vöruhúsinu kl. 16:00** Athugið breyttan tíma

Vöfluball verður **Sunnudaginn 22. október kl. 15:00**. Kaffi, vöflur, dans og spjall.

Okkar vinsæla EKRU band spilar og syngur

Hnýtið á ykkur dansskóna og mætið vel.

Svo byrjum við þriggja kvölda spilavist **fimmtudaginn 26. október kl 20:00 í EKRU**

Allir saman nú og höfum gaman saman.



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR



**Auglýst er eftir sérkennslustjóra í 100% starf við leikskólann Sjónarhól á Flöfn í Hornafirði sem getur hafið störf eigi síðar en 1. janúar 2024**

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd stöðþjónustu í leikskólanum.
- Er næsti yfirmaður sérkennara og vinnur í nánú samstarfi við leikskólustjóra, foreldra, deildarstjóra og aðra starfsmenn.
- Veitir faglega leiðsögn, fræðslu og ráðgjöf til samstarfsaðila og foreldra/forráðamanna.
- Sér um eftirfylgni og miðlun upplýsinga milli fagaðila.
- Situr í og stýrir teyrum um málefni barna eftir því sem við á.
- Er faglegur leiðtogi innan stöðþjónustunnar, í stefnumótun, markmiðasetningu og nýsköpun.
- Sinnir hlutverki tengiliðar í leikskólanum og situr í innleiðingarteymi farsælar í sveitarfélaginu.
- Sinnir jálfrun barna eftir því sem við verður komið.
- Sinnir þeim verkefnum sem varða stöðþjónustu sem yfirmaður felur honum.

#### Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla eða leyfisbréf í annarri sambærilegri háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða.
- Kennslureynsla í leikskóla er skilyrði.
- Fagleg þekking á frávikum í þroska barna og reynsla af því að sinna ihlutun og kennslu barna með frávík.
- Færni og fagleg þekking til að veita ráðgjöf og fræðslu til foreldra/forráðamanna, samstarfsfólks og annarra aðila.
- Skipulögð, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Þjónustulund og vilji til að vinna úr þeim málum sem upp koma.
- Frumkvæði og drifkraftur í starfi, stundvísi, áhersla á vandvirkni og nákvæmni í öllum störfum.
- Þekking á almennri tölvuvinnslu mikilvæg, þekking á klippingu og vinnslu myndbanda og skráningu í One skjalakerfinu er kostur.
- Góð íslenskunnátta skilyrði.

#### Umsóknarfrestur er til 31. október 2023

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknnum skal skila á netfangið [mariannaj@hornafjordur.is](mailto:mariannaj@hornafjordur.is). Með umsókn skal fylgja afrit af menntunargögnum ásamt ferilskrá og meðmælendum. Frekari upplýsingar veitir Marianna í síma 4708491.

Athugið er vakin á því að við ráðningu leikskólastarfsmanns er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasöm hvött til að sækja um og öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00

Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss  
[sindriorn@hornafjordur.is](mailto:sindriorn@hornafjordur.is) / sími: 470-8475



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Netfang: [arndis@eystrahorn.is](mailto:arndis@eystrahorn.is)  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126





Kærar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns og föður okkar,

**Ævars Rafns Ævarssonar  
Sjómanns**

Fjöla Jóhannsdóttir og börn



**Lifandi vatn**  
-Hæðir kirkja með bláum lofti-

**Dagskrá vikunnar**

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÉÐOKKUM ÉI AÐ SPÁ ÞIG

Jesús segir:  
"Éi nokkurn þyrstir þú komi hann til mín og drekk!  
Þú hefur Jesús sem trúir á mig munu renna  
Lokur blátt vatn"

**Sunnu dagaskóli**  
Sunnudaginn 22. október kl. 11:00

Söngur  
Saga  
Gaman  
Gleði  
Blömapóttar föndraðir

**Bjarneskirkja**

**UPPSKERUMESSA**

Sunnudaginn 22. október kl. 17:00  
Messan verður helguð gjöfum jarðar og Guði færðar þakkir fyrir uppskeru þessa árs.  
Að athöfn lokinni bjóður söknarnefnd í kjötsúpuveislu í Mönugarði.  
Verið velkomin



## NÝTT Á SÖLUSKRÁ BJARNAHÓLL 2



Frábært tækifæri fyrir laghentan einstakling eða iðnaðarmann.

- Hús með 4 jafnstórum íbúðum sem selst allt í einu lagi
- Hver íbúð er skráð 69,4 fm.

**Stærð: 277,6 fm.  
Verð: 94,9 millj.**

**Ert þú í söluhugleiðingum?  
Vantar þig verðmat?**

Verð á Höfn dagana 25. og 26. október.  
Hafðu samband

**Sólveig Regína Biard**  
Löggiltur fasteignasali  
869-4879  
solveig@trausti.is



# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Lasagnað hennar mömmu eftir Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Janus Gilbert Stephensson*

Að okkar mati er þetta besta lasagna sem að við höfum fengið. Það gæti haft eitthvað með það að gera að Dísamma Sibbu gerir oft svona og því langbesta lasagnað. Þetta er réttur, sem að okkur finnst henta alla daga vikunnar. Þetta er stór uppskrift því við viljum eiga afgang því lasagna er frábært daginn eftir.

Við viljum þakka Sigurjóni og Sædísu fyrir áskorunina og sendum boltann á Helgu Valgerði og Hreiðar Braga vini okkar.



### Hráefni

- 250 gr rjómaostur
- 500 gr hakk
- ½ bolli laukur
- 250 gr lasagna blöð
- 1-2 dósir púrra
- 1 dós niðursoðnir tómatar
- 1 hvítlauksrif
- 2 tsk salt
- ¾ tsk oregano
- ¼ tsk pipar
- 1 ½ bolli vatn

### Aðferð:

Hakk, laukur og krydd brúnað á pönnu. Tómotum, og tómaturru bætt við ásamt vatninu. Þetta er allt látið sjóða niður (allavega 30 mín). Þegar hakkblandan er orðin nokkuð þykk og safinn gufaður upp þá er komið að því að setja þetta allt saman í eldfast mót.

Lasagna blöð lögð í botninn á eldfasta mótinu ( gott að bleyta upp í þeim með heitu vatni) Helmingur af hakkblöndu þar á eftir og slettur hér og þar af rjómaosti. Annað lag af pastaplötum og restin af hakkinu og yfir þetta er sett rifinn ostur.

Inn í ofn á 200- 220 gráður í um 20 mínutur.

Verði ykkur að góðu

## SPURNING VIKUNNAR

*Ætlar þú að leggja niður störf 24.október?*



**Guðleif Kristbjörg Bragadóttir**

Ef það verður samstaða og öll börn verða í frí þá geri ég það.



**Sigrún Ósk Sigurjónsdóttir**

Eg veit það ekki



**Jóna Margrét Jónsdóttir**

Nei



**Árdís Erna Halldórsdóttir**

Já

# VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

---

Þú færð **vetrardekk** hjá okkur.  
Bjóðum upp á allar stærðir  
og gerðir **vetrardekkja**.



Jökla Dekk



Vatnajökull Dekk • Bugðuleira 2 • 780 Höfn • Sími: 839-1616